

FRÍÐAÐAR PLÖNTUTEGUNDIR

Eypór Einarsson

Náttúrufræðistofnun Íslands

Skýrsla unnin fyrir Náttúruverndarráð
Reykjavík, maí 1993

Athugasemd við skýrslu um friðaðar plöntutegundir

Síðan ég lauk við skýrslu um friðaðar plöntutegundir til Náttúruverndarráðs í maí hef ég komið á þennan eina vaxtarstað villilauks, **Allium oleraceum**, sem nefndur er í skýrslunni og mér var kunnugt um að hann yxi einþá, en það er við Bæ í Borgarfirði. Í ýmsum heimildum er getið um villilaukinn á fleiri stöðum, þar sem hann hefur ekki fundist á síðari árum. Villilaukurinn dafnar vel við bæ Bæ, enda jarðhiti undir, og virðist mér hann frekar vera í sókn en á undanhaldi. Sömu skoðunar er fróður og greinargóður maður á næsta bæ, sem fylgst hefur með villilauknum á þessum stað í mörg ár og einnig leitað að honum á nokkrum öðrum stöðum í héraðinu, þar sem hann er sagður hafa verið áður, en án árangurs.

Þá hef ég líka fengið óbyggjandi vitneskju um nýjan stað, þar sem villilaukur vex enn einnig á Vesturlandi, eða í Hvallátrum á Breiðafirði. Þar þrífst villilaukurinn líka ágætlega og virðist vera að breiðast út. Öruggir vaxtarstaðir villilauks hér á landi virðast því vera að minnsta kosti þessir tveir. Þessar viðbótarupplýsingar breyta þó ekki því álitinu mínu, að villilaukur eigi að vera friðlýstur áfram, þó það sé augljóst að hann getur ekki talist í neinni útrýmingarhættu.

Villilaukur hefur örugglega borist hingað með mönnum og líklega verið fluttur til landsins til ræktunar til matar eða lækninga fyrir mörgum öldum, eða svo segja sagnir um tilkomu hans í Bæ. Það er einnig vitað með nokkurri vissu, að villilaukurinn var fluttur til Hvallátra fyrir um það bil 140 árum síðan. Hann hefur síðan slæðst út úr gördum, eða haldið áfram að vaxa á stöðum þar sem garðar voru áður en hafa nú verið lagðir niður. Hann er þannig með vissu aldagamall í landinu og hefur fyrir löngu ílenst hér og verður að teljast íslensk tegund.

Reykjavík, 21. september 1993

Eyþór Einarsson

Skýrsla til Náttúruverndarráðs

Friðaðar plöntutegundir

Samkvæmt auglýsingu um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda frá 25. apríl 1978 er 31 tegund villtra plantna nú alfriðuð á öllu landinu. Nú, þegar verið er að endurskoða þessar friðlýsingar, er lagt til að þær tegundir verði allar friðaðar áfram, nema ein, og sex tegundir verði friðlýstar til viðbótar, þannig að alls verði 36 tegundir friðlýstar á landinu öllu. Hér á eftir fer stutt lýsing á því, hvernig ástætt er um nokkrar þeirra tegunda sem nú eru friðaðar, einkum þær sem sjaldgæfastar eru, ásamt þeim sem lagt er til að verði friðaðar til viðbótar. Númer friðlýstu tegundanna eru þar þau sömu og í auglýsingunni.

1. **Dvergtungljurt** (*Botrychium simplex*): Útbreiðsla tegundarinnar er ekki nægilega vel þekkt hér á landi og þarf að kanna hana nánar, en enginn vafi leikur samt á því að hún er það sjaldgæf að hún á að vera friðlýst áfram. Að auki má geta þess að dvergtungljurt hefur nýlega verið bætt á skrá yfir þær plöntutegundir, sem eru alfriðaðar samkvæmt Bernar- samþykktinni, en allar horfur eru nú á að Ísland muni loksins fullgilda hana innan skamms og þurfi því einnig þess vegna að reyna að tryggja að þessi tegund hverfi ekki héðan.

2. **Mosaburkni** (*Hymenophyllum wilsonii*): Það er aðeins vitað um þessa tegund á einum vaxtarstað hér á landi og þar er mjög erfitt að koma auga á hana því hún er bæði mjög smávaxin og fellur gjörsamlega inn í mosabreiðurnar þar sem hún vex. Mosaburkninn á samt hiklaust að vera friðlýstur áftam.

3. **Skeggburkni** (*Asplenium septentrionale*): Ekki er vitað um tegundina nema á einum vaxtarstað hérlendis, þar sem hún vex í klettaskoru. Ég kom á staðinn síðastliðið sumar og þá var ekki að sjá neina breytingu frá því ég kom þar fyrir nokkrum árum, hvorki til hins betra né verra, því enn uxu aðeins sömu tveir brúskar tegundarinnar í klettaskorunni. Skeggburkni á því eindregið að vera friðlýstur áfram.

4. **Svartburkni** (*Asplenium trichomanes*): Síðan svartburkni var friðlýstur hefur hann fundist á einum nýjum stað, eða svæði, sem er undir Eyjafjöllum. Ég hef kannað það nokkuð, en ekki til hlítar, og þar virðist jafnvel vaxa meira af honum en í Skaftafelli. Samt tel ég engan vafa á að svartburkni eigi að vera friðlýstur áfram.

5. **Klettaborkni** (*Asplenium viride*): Klettaborkni hefur einnig fundist á nýjum stað, eða svæði, síðan hann var friðlýstur og það meira að segja í öðrum landshluta, eða á Norðausturlandi. Það má því draga í efa að hann eigi að vera friðlýstur áfram, en ég tel þó að hann eigi að vera það.

6. **Tunguskollakambur** (*Blechnum spicant* var. *fallax*): Þessi tegund hefur fundist á nýjum vaxtarstað síðan hún var friðlýst, þar sem hún vex í jarðhita eins og á fyrri staðnum. Hún er samt enn það sjaldgæf að ég tel hún eigi að vera friðlýst áfram.

7. **Hlíðaborkni** (*Cryptogramma crispa*): Ekki er kunnugt um neinar breytingar á hinum tveimur þekktu vaxtarstöðum tegundarinnar hér á landi, og tel ég því hiklaust að hún eigi að vera friðlýst áfram.

8. **Burstajafni** (*Lycopodium clavatum*): Engin breyting hefur orðið á þeim eina vaxtarstað tegundarinnar sem þekktur er hér á landi, en ég kom þangað um miðjan

júlímánuð 1991. Þá hafðist burstajafninn mjög vel við og var kominn með mörg gróðx, en það hafði ég ekki séð svo snemma sumars áður. Tegundin á hiklaust að vera friðlýst áfram.

9. **Knjápuntur** (*Danthonia decumbens*): Síðastliðið sumar kom ég á hinn eina þekkta vaxtarstað þessarar tegundar hér á landi til að huga að henni, meðal annars þar sem ég vissi ekki hvort nokkur hefði athugað fyrr, hvort hún hefði lifað af öskufallið í eldgosinu á Heimaey fyrir tuttugu árum. En knjápunturinn var enn á sínum stað og virtist þrífast ágætlega. Hann á tvímælalaust að vera friðlýstur áfram. Athygli er vakin á því, að í auglýsingunni frá 1978 er þessi tegund nefnd öðru latnesku nafni en hér er gert og nú er notað.

10. **Heiðarstör** (*Carex heleonastes*): Ekki er kunnugt um neinar breytingar á högum þessarar tegundar hér á landi og enn eru aðeins örfáir vaxtarstaðir þekktir. Hún á því að vera friðlýst áfram að mínu mati.

11. **Trjónustör** (*Carex flava*): Það sama á við um trjónustör og heiðarstör.

12. **Fitjasef** (*Juncus gerardi*): Það hafa ekki fundist fleiri vaxtarstaðir þessarar tegundar hér en sá eini sem fannst fyrir nokkrum árum í nágrenni Reykjavíkur, þó hennar sé getið frá nokkrum fleiri stöðum á vestanverðu landinu í gömlum plöntuskrá. Fitjasef á því að vera friðlýst áfram að mínu mati.

13. **Villilaukur** (*Allium oleraceum*): Enn er aðeins vitað um einn vaxtarstað þessarar tegundar hér á landi, en þar hefur hún verið á undanhaldi undanfarin ár, samkvæmt upplýsingum frá mönnum í nágrenni staðarins. Það þarf að athuga hvernig á þessu stendur og reyna að bæta úr því. Mikil þörf er því á að tegundin sé friðlýst áfram, að ég tel.

14. **Ferlaufungur** (*Paris quadrifolia*): Þessi tegund vex á nokkrum stöðum á landinu eins og kunnugt er, en það er oftast mjög lítið af henni á hverjum stað og sjaldnast nema örfáar plöntur. Jafnframt er hún það hávaxin að auðvelt er að koma auga á hana og þá að uppræta hana alveg á vaxtarstað. Þess vegna var hún friðlýst og ég tel hiklaust að hún eigi að vera það áfram. Vakin er athygli á að farið er að nota nafnið ferlaufungur á þessari tegund, en í auglýsingunni frá 1968. er hún nefnd ferlaufasmári, sem reyndar er gamalt, en hefur oft valdið misskilningi, því þessi tegund er ekkert skyld smára.

15. **Eggvíblaðka** (*Listera ovata*): Þessi tegund vex einnig á nokkrum stöðum á landinu og er svipað ástatt um hana og fjöllaufung. Því tel ég að hún eigi að vera friðlýst áfram. Auk þess er rétt að benda á, að í sumum grannlöndum okkar hafa allar tegundir brönugrasa verið friðlýstar, vegna vaxandi ásóknar, og skyti því skökku við ef farið væri að aflétta friðlýsingu af einu brönugrastegundinni sem er friðlýst hér.

16. **Tjarnablaðka** (*Persicaria amphibia*): Þessi tegund sem nú vex aðeins villt á einum stað á landinu svo vitað sé, þ.e. á Snæfellsnesi, óx áður einnig á einum stað í Flóanum en hvarf þaðan eftir Flóaáveitufuramkvæmdirnar, því afrennsli tjarnarinnar þar sem hún óx var dýpkað svo tjörnin tæmdist nærfellt. Aftur á móti virðist hún ekki vera í yfirvofandi hættu á vaxtarstaðnum sem eftir er, en þó þarf að fylgjast vel með honum og tegundin á því skilyrðislaust að vera friðlýst áfram. Vakin er athygli á að í auglýsingunni frá 1978 er þessi tegund nefnd öðru latnesku nafni en hér er notað, og verður notað á henni í fyrsta bindi Flóru Norðurlanda sem kemur út næsta vetur og ég tel því að eigi að nota.

17. **Línarfi** (*Stellaria calycantha*): Þó nú sé vitað um þessa tegund á nokkuð fleiri vaxtarstöðum hérlendis en þegar hún var friðlýst, þá eru þeir enn fáir og því tel ég að hún eigi hiklaust að vera friðlýst áfram.

18. **Flæðarbúi** (*Spergularia salina*): Þessi tegund er einungis þekkt hér á landi á örfáum stöðum við Breiðafjörð og á tvímælalaust að vera friðlýst áfram. Hún er í sumum ritum nefnd flæðarskurfa, en skurfa tilheyrir annari ættkvísl, *Spergula*, sem að vísu er náskyld en samt ætti ekki að vera ástæða til að breyta nafninu þess vegna. Að auki var það Ingólfur Davíðsson, sem fann tegundina fyrstur hér á landi, sem gaf henni nafnið flæðarbúi. Þess vegna tel ég hún eigi að halda því nafni, á meðan ekki eru færð haldbetri rök fyrir að breyta því.

19. **Stefánssól**, melasól með hvítum og bleikum blómum (*Papaver radicum* ssp. *stefanssonii*): Þetta afbrigði melasólar vex aðeins villt á örfáum stöðum á landinu, og þá nærri eingöngu á Vestfjörðum. Stenánssólin er eftirsótt í garða og ég tel því að hún eigi að vera friðlýst áfram. Ég kom á þrjá þessara vaxtarstaða sumarið 1991 og þar virtist engu hafa verið raskað og hún þrífast ágætlega.

20. **Vatnsögn** (*Crassula aquatica*): Þessi tegund vex aðeins villt á tveimur stöðum hérlendis svo vitað sé, en á þeim báðum í volgu vatni og því í nokkurri hættu, þar sem alltaf er verið að nytja fleiri og fleiri heitar laugar og hverir. Tegundin á því hiklaust að vera friðlýst áfram og eins þarf að líta vel eftir vaxtarstöðum hennar.

21. **Hreistursteinbrjótur** (*Saxifraga foliolosa*): Þessi tegund, sem vex hér á landi hátt til fjalla milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar, hefur verið að finnast á fleiri og fleiri fjöllum þar undanfarin ár, eða nánast á hverju fjalli á töluverðu svæði svo notuð séu orð Harðar Kristinssonar, sem þekkir svæðið manna best. Þar sem þessir staðir eru flestir ofan við 900 m hæð og umferð þar lítil, kæmi til greina að aflétta friðlýsingu af þessari tegund. Ég tel þó að ekki eigi að gera það að sinni, því þetta er ein af örfáum háarkítiskum tegundum sem vaxa villtar hér á landi og því mikilvægt að hún fái að vaxa í friði.

22. **Blóðmura** (*Potentilla erecta*): Þessi tegund vex ekki villt nema á einum stað á landinu, svo vitað sé með vissu, þar sem Helgi Jónasson fann hana í volgum jarðvegi við heita laug árið 1955. Í eldri heimildum er getið um hana á fleiri stöðum hér, en þrátt fyrir nokkra leit hefur hvergi tekist að finna hana aftur. Ég tel því augljóst að hún eigi að vera friðlýst áfram. Í þriðju útgáfu Flóru Íslands frá 1948 eru tilgreind nöfnin blóðrót og engjamura á þessari tegund. Hið fyrra, sem er gamalt og einnig til í norsku, er dregið af því að þetta er gömul lækningajurt sem notuð var við útvortis og innvortis blæðingum, einkum þó rötin. Síðara nafnið er nýtt og virðist helst dregið af vaxtarstöðum hennar í grannlöndum okkar, því þá vissu menn ekki að hér er hún jarðhitaplanta. Helgi Jónasson nefnir hana blóðrót, en í Íslenskum jurtum frá 1945 notar Áskell Löve nafnið blóðmura, sem einnig er gamalt nafn á þessari tegund. Það nafn hef ég notað af því ég tel það gott og betra en blóðrót, sem getur hæglega leitt til misskilnings þar sem burnirót er stundum líka kölluð blóðrót. Þó einhverjir hafi svo síðar farið að kalla sjaldgæfa garðaplöntu blóðmuru, þá finnst mér það engin rök fyrir því að hætta að nota þetta gamla nafn á íslensku tegundinni; nær væri að hætta að nota það um garðaplöntuna. Nýja nafnið engjamura, sem Hörður Kristinsson notar í Plöntuhandbókinni, kemur ekki til greina að mínu mati þar sem það er mjög villandi, þessi planta vex alls ekki á engjum hérlendis.

23. **Pyrnirós** (*Rosa pimpinellifolia*): Þessi tegund virðist þrífast mjög misvel á þeim fáu vaxtarstöðum sem þekktir eru hérlendis, en ég hef komið á þá alla nema einn. Þó

er hún hvergi í hættu því á flestum þeirra er fylgst vel með henni. Að mínu mati á hún hiklaust að vera friðlýst áfram, því hún er eftirsótt í garða og væri að henni mikill sjónarsviftir ef hún hyrfi héðan.

24. **Glitrós** (*Rosa dumalis*): Enn er þessi tegund aðeins þekkt á einum vaxtarstað hér á landi, en þar líta heimamenn mjög vel eftir henni. Hún þrífst þar ágætlega og blómstraði meira að segja síðastliðið sumar, sem hún gerir sárasjaldan. Hún á tvímælalaust að vera friðlýst áfram. Hér er notað annað latneskt heiti á glitrós en í auglýsingunni frá 1978 til samræmis við það sem nú er gert.

25. **Súrsæra** (*Oxalis acetosella*): Ekki virðist hafa orðið nein breyting á högum þessarar tegundar hér á landi, aðeins örfáir vaxtarstaðir eru þekktir og allir austanlands. Sumir þeirra hafa að vísu ekki verið heimsóttir nokkuð lengi og þarf að bæta úr því sem fyrst. Hún á án alls vafa að vera friðlýst áfram að mínu mati.

26. **Tjarnabrúða** (*Callitriche brutia*): Þessi tegund er einungis þekkt frá nokkrum vötnum og tjörnum á sunnan- og suðvestanverðu landinu. Hún er það sjaldgæf að hún á hiklaust að vera friðlýst áfram að mínu mati. Nafnið tjarnabrúða bjó ég til, fannst það meira réttnefni en vatnabrúða sem Áskell Löve notar í Íslenskum jurtum, en annað hvort þeirra nafna á að nota um þessa tegund. Nafnið lækjabrúða, sem Hörður Kristinsson notar í Plöntuhandbókinni, finnst mér ekki koma til greina þar sem það er villandi, þessi tegund vex ekki í lækjum, þ. e. í rennandi vatni.

27. **Skógfjóra** (*Viola riviniana*): Þessi tegund hefur smám saman verið að finnast á fleiri vaxtarstöðum en áður voru þekktir, og að auki eiga margir erfitt með að greina hana frá týsfjólu sem er algeng. Það er því lagt til að friðlýsingu á henni verði aflétt.

28. **Davíðslykill** (*Primula egaliksensis*): Þessi sjaldgæfa tegund, sem aðeins var vitað um á einum vaxtarstað, virðist því miður vera horfin þaðan. Það er ekki vitað með vissu hvernig á því stendur, en trúlega hefur einkum tvennt hjálpast að. Annars vegar aukinn grasvöxtur á vaxtarstaðnum í kjölfar minnkandi beitar, hins vegar hefur svæðið þornað eftir að skurðir meðfram þjóðveginum í hlíðinni skammt fyrir ofan voru dýpkaðir. Samt tel ég rétt að davíðslykillinn verði áfram friðlýstur, því hann gæti komið í ljós aftur.

29. **Lyngbúi** (*Ajuga pyramidalis*): Þessi tegund er einungis þekkt frá örfáum vaxtarstöðum á Austfjörðum og er ekki vitað um mikllar breytingar á þeim Hún á því að vera friðlýst áfram að mínu mati. Á öðrum vaxtarstaðnum í landi Neskaupstaðar er lyngbúinn þó greinilega á undanhaldi, því grös og fleiri plöntur eru þar að vaxa honum yfir höfuð, en þetta land hefur verið friðað og girt í meira en 25-30 ár Hér þarf eitthvað að gera til að hann hverfi ekki og þá helst að skera og ryðja frá honum. Það hefur víða þurft að gera hliðstæðar ráðstafanir til að halda í sjaldgæfar og/eða friðaðar tegundir í öðrum löndum, og ekkert áhorfsmál að gera það hér líka þegar þörf er á.

30. **Hveraaugnfró** (*Euphrasia calida*): Þessi tegund er sjaldgæf og vex einkum á hverasvæðum sunnan- og suðvestanlands, en heildarútbreiðslan er ekki nægilega þekkt. Þar að auki er þessi ættkvísl erfið og tegundir hennar vilja blandast, og við liggur að hver nýr sérfræðingur, sem fer að fást við hana, hafi aðrar skoðanir á nöfnum og aðgreiningu tegunda innan hennar en sá sem rannsakaði hana síðast. Þessari tegund var lýst sem einlendri íslenskri tegund, og nýrri fyrir vísindin, af höfundinum sem skrifaði um ættkvíslina í þriðja bindi Flóru Evrópu 1972, en gera má ráð fyrir að sá sem skrifar um hana í Flóru Norðurlanda kunnri að hafa aðra skoðun á því. Af þeirri ástæðu var ekki talið

stætt á öðru en friðlýsa hana 1978 og ég held að hún verði að vera það áfram, að minnsta kosti fyrst um sinn.

31. **Mýramaðra** (*Galium palustre*): Þessi tegund er aðeins þekkt frá tveimur vaxtarstöðum á sama svæði; hún óx þar enn þegar ég athugaði það í fyrrasumar og á að vera friðlýst áfram að mínu mati.

Til viðbótar við þær 30 tegundir plantna, sem hér að ofan er lagt til að verði friðlýstar áfram, legg ég eindregið til að eftirfarandi tegundir verði friðlýstar á sama hátt.

1. **Naðurtunga** (*Ophioglossum azoricum*): Þessi tegund vex eingöngu í volgum jarðvegi á nokkrum stöðum á landinu og er því frekar sjaldgæf, þó töluvert geti verið af henni á sumum þessara staða. Sumir vaxtarstaðir hennar eru í miðhálandinu, en aðrir í eða við byggð og sumir þeirra eru viðkvæmir fyrir átroðningi og hnjaski. Því tel ég fulla ástæðu til að friðlýsa hana.

2. **Vorstör** (*Carex caryophyllea*): Þessi tegund vex aðeins á einu svæði á landinu, sem er að vísu friðlýst, en samt tel ég rétt að friðlýsa einnig tegundina sem slíka.

3. **Gljástör** (*Carex pallescens*): Það er vitað um þessa tegund á tveimur stöðum á landinu svo hún er mjög sjaldgæf og því tel ég rétt að friðlýsa hana.

4. **Maríulykill** (*Primula stricta*): Þessi tegund vex aðeins á nokkru svæði við botn Eyjafjarðar og er þar á nokkru undanhaldi, að álitum þeirra sem best þekkja til, vegna ræktunar og mannvirkjagerðar. Til að reyna að sporna við því tel ég sjálfsagt að friðlýsa hana.

5. **Ljósalyng** (*Andromeda polifolia*): Þessi lyngtegund, sem fannst fyrir fáum árum á Austfjörðum, er aðeins þekkt frá örfáum stöðum. Hún er ekki í yfirvofandi hættu en samt tel ég rétt að friðlýsa hana.

6. **Laugadepla** (*Veronica anagallis-aquatica*): Þessi tegund, sem vex hér á landi í volgu vatni á jarðhitasvæðum, er einungis þekkt frá sunnan- og vestanverðu landinu. Hún er viðkvæm, eins og reyndar flestar jarðhitatlöntur hér á landi, t.d. bendir til að hún sé horfin frá eina þekktu vaxtarstaðnum á Krýsuvíkursvæðinu, því þar hefur hún ekki fundist aftur þrátt fyrir nokkra leit. Þess vegna legg ég eindregið til að hún verði friðlýst.

Eins og að ofan segir yrðu friðlýstar tegundir háplantna **36** ef þessum tillögum yrði fylgt. En það er líka orðin full ástæða til og þörf á að friðlýsa ýmsar tegundir lægri plantna, svo sem mosa- og fléttutegundir, sem sumar eru ekki síður sjaldgæfar og/eða í hættu en háplönturnar. Þess vegna legg ég til að farið verði að vinna að því sem fyrst.

Loks fylgir hér skrá yfir þessar 36 tegundir, í þeirri röð sem ég tel þær ættu að vera þegar hún verður prentuð. Hún er frábrugðin skránni í auglýsingunni frá 1978 að því leiti að einkimblöðungar eru hér hafðir á eftir tvíblöðungum, eins og nú er yfirleitt talið réttara, en ekki á undan eins og þar:

1. Naðurtunga (*Ophioglossum azoricum*)
2. Dvergtungljurt (*Botrychium simplex*)
3. Mosaburkni (*Hymenophyllum wilsonii*)
4. Skeggburkni (*Asplenium septentrionale*)
5. Svartburkni (*Asplenium trichomanes*)

6. Klettaburkni (*Asplenium viride*)
7. Tunguskollakambur (*Blechnum spicant* var. *fallax*)
8. Hlíðaburkni (*Cryptogramma crispera*)
9. Burstajafni (*Lycopodium clavatum*)
10. Tjarnablaðka (*Persicaria amphibia*)
11. Línarfi (*Stellaria calycantha*)
12. Flæðarbúi (*Spergularia salina*)
13. Stefánssól, melasól með hvítum og bleikum blómum
(*Papaver radicum* ssp. *stefanssonii*)
14. Vatnsögn (*Crassula aquatica*)
15. Hreistursteinbrjótur (*Saxifraga foliolosa*)
16. Blóðmura (*Potentilla erecta*)
17. Þymirós (*Rosa pimpinellifolia*)
18. Glitrós (*Rosa dumalis*)
19. Súrsmæra (*Oxalis acetosella*)
20. Maríulykill (*Primula stricta*)
21. Davíðslykill (*Primula egaliksensis*)
22. Ljósalyng (*Andromeda polifolia*)
23. Lyngbúi (*Ajuga pyramidalis*)
24. Tjarnabrúða (*Callitriche brutia*)
25. Hveraaugnfró (*Euphrasia calida*)
26. Laugadepla (*Veronica anagallis-aquatica*)
27. Mýramaðra (*Galium palustre*)
28. Knjápunktur (*Danthonia decumbens*)
29. Heiðarstör (*Carex heleonastes*)
30. Trjónustör (*Carex flava*)
31. Gljástör (*Carex pallescens*)
32. Vorstör (*Carex caryophyllea*)
33. Fitjasef (*Juncus gerardi*)
34. Villilaukur (*Allium oleraceum*)
35. Ferlaufungur (*Paris quadrifolia*)
36. Eggvíblaðka (*Listera ovata*)

Tekið saman að tilhlutan Náttúruverndarráðs

Náttúrufræðistofnun Íslands
7. maí 1993

Eyþór Einarsson